

## 24 LÍFSSTÍLL

lifstill@24stundir.is

## menning

Stór yfirlitssýning á verkum Braga Ásgeirssonar

## Myndlistarferillinn óvenju fjölbreyttur

Ferill Braga Ásgeirssonar myndlistarmanns er langur og merkilegur. Stærsta yfirlitssýning sem haldin hefur verið á verkum hans verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag.

Eftir Einar Jónsson  
einarj@24stundir.is



Bragi Ásgeirsson hefur verið atkvæðamikill í íslensku myndlistarlífi á undanförunum áratugum, ekki aðeins sem myndlistarmaður heldur einnig sem greinahöfundur og kennari. Það eru því talsverð tíðindi að í dag verður opnuð á Kjarvalsstöðum stærsta yfirlitssýning á verkum Braga sem haldin hefur verið. Sýningin spannar 60 ár í lífi listamannsins, allt frá því hann hóf nám í Myndlista- og handiðaskólunum til dagsins í dag. Þóroddur Bjarnason sýningarstjóri segir að fáir listamenn eigi jafnfjölbreyttan feril og Bragi.

## Skiptist í fjögur tímabil

„Ég held að þetta sé einstakt tækifæri fyrir almenning og skóla til að sjá ævistarf þessa manns og hvernig íslensk listasaga speglast í verkum hans. Sýningin spannar í raun og veru listasögu á Íslandi frá miðri 20. öld og fram á þennan dag,“ segir Þóroddur.

Á sýningunni skiptir hann ferli Braga í fjögur tímabil. Fyrsta tímabilið spannar mótunarárin fram til 1954-55 og það næsta árin 1955-60 þegar Bragi fékkst bæði við geómetrisk abstraktverk og figúratíf grafíkverk. Þriðja tímabilið stóð frá 1960-1980. „Það var hið svokallaða tímabil upphleyptra verka sem sumir kalla poppverkátímabil. Þá var hann að gera verk með hlutum sem hann fann, til dæmis brúðhausum, skeljum og tuskum sem hann límdi á flötinn. Hann hættir alveg að mála á þessum tíma.“

Síðasta tímabilið nær frá 1980 til dagsins í dag þar sem einbeittir sér að málverkinu.



Allur ferillinn Sýningin Augnasinfónía spannar allan feril Braga Ásgeirssonar.

## AUGNASINFÓNÍA

➤ Samhliða sýningunni kemur út vegleg bók um Braga Ásgeirsson.

➤ Þóroddur Bjarnason verður með leiðsögn um sýninguna sunnudaginn 14. september kl. 15.

## Gestir í spor Braga

Í Norðursal Kjarvalsstaða hefur jafnframt verið sett upp sérstök fræðslusýning um Braga. „Þar er verið að varpa ljósi á Braga sem heyrnarlausan listamann og fólki boðið að setja sig aðeins í hans

spor. Það getur til dæmis sett á sig heyrnarskjól þannig að það verði nánast heyrnarlaust og lagst síðan á bekk og horft á málverk í loftinu.“

Þá hefur hluti salarins verið þakinn með blaðaúrklippum sem tengjast Braga. Þar er bæði að finna greinar sem hann hefur skrifað og fáeinar greinar um hann. „Þar er um við að varpa ljósi á hina hliðina á Braga sem er fjölmiðlamaðurinn. Hann hefur skrifað greinar af ýmsu toga í gegnum tíðina þar á meðal gagnrýni, ferðasögur og almennt spjall um myndlist á víðum grundvelli,“ segir Þóroddur Bjarnason að lokum.

Sýningin stendur til 16. nóvember.

## Útvarpið minnst Jökuls Jakobssonar

## Gullbrúðkaup endurflutt

Jökull Jakobsson rithöfundur hefði orðið 75 ára á sunnudag, 14. september, en af því tilefni ætlar Útvarpsleikhúsið að flytja leikrit hans, Gullbrúðkaup, kl. 14.00 þann dag. Jafnframt verða flutt fjögur önnur verk Jökuls í september í útvarpinu af þessu tilefni.

Þau eru útvarpsþættirnir Ellefu, Stefán Stórval og Staldráð við stytur og útvarpsþættir Dyr standa opnar.

Gullbrúðkaup var fyrsta útvarpsleikrit Jökuls og var það frumflutt árið 1964. Þá hafði Jökull slegið í gegn með Hart í bak hjá Leikfélagi Reykjavíkur í Iðnó.

Með aðalhlutverkin fara Þorsteinn Ö. Stephensen og Helga Valtyýsdóttir en auk þeirra koma fram leikararnir Róbert Arnfinnsson og

Guðrún Ásmundsdóttir. Leikstjóri var Gisli Halldórsson.

Leikritið var síðast sýnt á sviði hjá Leikfélagi Akureyrar árið 2002 og fóru þá með aðalhlutverk Saga Jónsdóttir og Þráinn Karlsson.

Í umfjöllun um leikritið frá þeim tíma segir: Einstaklega fallett og fyndið verk um samskipti aldraðra hjóna, Ananíasar og Guðbjargar. Leikritið gerist á einum eftirmiðdegi í lífi þeirra hjóna. Hún er rúmleggjandi en hann baksar við að koma ofan í hana meðali milli þess sem hann veltir fyrir sér næsta leik í bréfskák sem hann hefur verið að tefla undanfarin misseri.

Jökull Jakobsson, leikskáld og rithöfundur, fæddist 14. september 1933 en lést 25. apríl 1978. Hann skrifaði mikinn fjölda leikverka frá



upphafi 7. áratugar 20. aldar þar til hann lést. Auk sviðsverka skrifaði Jökull mörg útvarpsleikrit og nokkur sjónvarpsleikrit. Hann er talinn brautryðjandi í nútímaleikverkum. Hægt er að hlusta á verkið á netinu einnig.

## Morgunblaðið

## í dag

Laugardagur 13. september 2008



## Eimskip í ólgusjó

■ Hver er staða hluthafa í Óskabarni þjóðarinnar?

» Meira í Morgunblaðinu

## Halda aftur heim

■ Útlendingum á íslenskum vinnumarkaði fækkar.

» Meira í Morgunblaðinu

## Má brjóta reglur

■ Dreymir um að kynna hér ítalska matarmenningu.

» Meira í Morgunblaðinu



## Kubrick og Ísland

■ Hlutar af Strangelove líklega teknir hér á landi.

» Meira í Morgunblaðinu

## Jökullaust handrit

■ Leynardómar Snæfellsjökuls myndaðir á Kaldadal.

» Meira í Morgunblaðinu

Það er meira í Mogganum

